

Nd.

526. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það, en getur ekki fallizt á að leggja til, að þessi breyting á vegalögum verði samþykkt. Hins vegar telur nefndin tímabært, að fram fari hið fyrsta allsherjar endurskoðun á þessari löggjöf, að því er snertir hin almennu ákvæði vegalaganna, sem sum eru orðin tiltölulega gömul. Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt í hv. deild með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst fara fram gagngerða endurskoðun vegalaganna, einkanlega á hinum almennu ákvæðum þeirra, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp þar að lútandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. nóv. 1943.

Gisli Sveinsson,
form., frsm.

Sveinbjörn Högnason,
fundaskr.

Lúðvík Jósefsson.

Sigurður Bjarnason.

Barði Guðmundsson.